



Teitur Jónasson ehf
Dalvegur 22
201 Kópavogi
t: +354 515 2700

Kópavogur, 24.04.2017

Berist til
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn frá Teiti Jónassyni ehf / Haraldí Teitssyni framkvæmdarstjóra við tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2018-2022, mál nr. 402, 146. löggjafarþing.

Með vísan til ofangreinds máls þar sem fyrir liggur að hækka eigi virðisaukaskatt af ferðaþjónustu úr 11% í 22.5% skal eftirfarandi tekið fram.

1. Fyrirtæki í ferðaþjónstu þmt. fyrirtæki í fólksflutningum fóru inni virðisaukakerfið þann 1.1.2016 og erum við því eingöngu búin að starfa í vsk kerfinu í rúmt ár, áður stóðum við fyrir utan kerfið en greiddum vsk af öllum aðföngum nema að við fengum 2/3 hluta vsk niðurfelldan við innflutning á nýjum rútum og slík niðurfelling hafði verið við líði í mörg ár. Því urðu áhrif vsk breytingana í okkar rekstri mjög mikil og hafði gríðarleg áhrif á afkomu og afkomumöguleika okkar.

Á kynningarfundum Ríkisskattstjóra (RSK) KPMG og SAF kom fram að reiknað hafði verið út hækkunarþörf hópferðafyrirtækja vegna upptöku 11% vsk og sögðu RSK og KPMG að hækkunarþörf vegna upptökunar væru á bilinu 3-4% þetta var gert þannig að allir aðilar í ferðaþjónstu fengu þessar upplýsingar, en í raun þegar uppgjör liggja fyrir þá var hækkunarþörfin á bilinu 7-9% sem menn voru ekki búin að sjá fyrir. Þessi 4-6% mismunur hafa hópferðafyrirtækin tekið á sig og misjafnlega hefur gengið að koma honum úti verðlagið.

Í okkar hluta ferðaþjónstunar eru gerðir samninga langt fram í tíman, hótél eru pöntuð fyrir hópa og ferðir eru seldar allt að 3 árum fram í tíman og því er mikil krafa um að fá rétt verð fljótt og að verðlag sé stöðugt, menn gera ráð fyrir umsömdum hækkunum s.s. launum osfrv. en hækkun á sköttum eins og framan greinir sem og gengishækkunir eru mjög erfiðar og oftar en ekki þurfa fyrirtækin að taka á sig hækkunir vegna þessa að fullu eða hluta þar sem samkeppni er gríðalega hörð.

Auk ofangreinds hafa ýmis önnur gjöld verið lögð á eða hækkuð á seinustu misserum. Þar má nefna auka framlag í lífeyrissjóð, bifreiðagjöld, leyfisgjöld, hópferðaleyfisskoðunargjald, bílastæðagjöld og tryggingargjald. Mikið launaskrið hefur verið í okkar geira sem þá hækkar skattstofna ríkisins mikið. Nú er svo komið að mörg fyrirtæki í okkar geira eru rekin með tapi og / eða eru með óviðunandi rekstrarafkomu.

2. Í okkar fyrirtæki hefur verið mikið um afpantanir fyrir árið 2017 sérílagi hjá ferðaaðilum sem hafa verið með hópa á Íslandi í mörg ár, verðlagið er hreinlega orðið of hátt. Þetta á sérstaklega við um hópa sem hafa langa viðdvöl hér og skilja mikið eftir sig í formi gistinga, veitinga og afþreyingu hér á landi. Við óttumst að með enn meiri hækkun vsk verði algjört hrun í þessum hluta viðskipta okkar þ.e. verðmætustu kúnnarnir okkar og þeir koma ekki aftur. Okkar reynsla er sú að fyrir sumarið 2017 hafa þeir aðilar sem hafa afbókað hluta eða stóran hluta ferða sinna ekki hafið bókanir fyrir 2018-2019 vegna mikillar óvissu um hvert gengið stefnir. Það er að verða of dýrt að koma til Íslands og erlendu skrifstofunar sjá sér ekki hag í að auglýsa ferðir til landsins. Það sem eftir stendur eru "massa" hópar sem stoppa í 1-3 daga og kaupa nánast ekkert hér á landi en þessir hópar eru mjög verðviðkvæmir og vegna núverandi verðlags leita

þeir nú allra leiða til að lækka kostnaðinn. Það nýjast í þessum málum er að núna sjáum við rútufyrirtæki frá austur evrópu sem selja sína þjósnotu á Íslandi á eigin vegum og rukka eingöngu 50-55% af því verði sem íslenskir aðilar geta boðið.

Nú þegar, í apríl 2017 eru komnar frá einu Lithaensku fyrirtæki 8 rútur og verða 15 rútur sumarið 2017 sem munu sinna þessum hópum á Íslandi. Með þessu móti komast þeir framhjá allri greiðslu VSK hér á landi, virðisaukaskattur í þessum löndum er mun lægri heldur en hér á landi. tala nú ekki ef við förum í 22.5%. Einungis er greiddur hlutfallslegur vsk af innflutningi sem er smánarlega lág þ.e. 1/60 af leigusamning eða áætluðu verðmati rútunar á mánuði þ.e. greiðslu eru því á bilinu 5000 - 50000 eftir mati og samningum. Þessir aðilar greiða laun skv. töxtum í heimalandi sínu og er því tímakaupið á bilinu 300-500 kr per klst. Við þessa aðila geta íslensk hópferðafyrirtæki ekki keppt. Ljós er að ríkissjóður verður af talsverðum fjárhæðum þegar austur evrópskir aðilar keppa á miklu lægri gjöldum á Íslandi og borga nánast engann skatt hér á landi. Þessi þróum mun aukast, sérílagi ef VSK verður hækkaður.


3. Það er rétt að mikil aukning hefur verið í komu erlendra ferðamanna til Íslands undanfarin ár en nú eru teikn á lofti, það skynja það allir sem starfa í þessari grein.

Það mun hægja á ferðamannafjölda til Íslands út af núverandi gengisþróun og skorti á hótélum á landsbyggðinni. Gott er að minna á að ef 50 manna hópur kemur til Íslands í 10 daga ferð, þá skilur sá hópur svipaða eða meiri fjármuni eftir sig í landinu en þrír 50 manna hópar sem stoppa í 2-3 nætur. Því eru nærtækara að horfa á fjölda gistinátta erlendra ferðamanna á Íslandi í stað þess að telja hausa sem fara í gegnum Leifstöð.

Hópferðafyrirtækin eru sennilega sú starfsemi sem mest samkeppni er í og hefur lent hvað verst í hækkunum þmt. upptaka 11% virðisaukaskatts. Stýring fjölda ferðamanna má ekki vera gerð með óafturkræfum aðgerðum eins og hækkun virðisaukaskatts hefur í för með sér, miklu frekar ætti að stýra henni með sértækum aðgerðum s.s. eins og komugjöldum á flugfargjöld eins og víða þekkest í kringum okkur, gott dæmi er Kanada sem nýlega tók upp komugjald. Mín skoðun er sú að ef að verður settur 22.5% virðisaukaskattsþrep á fólksflutninga muni verða algjört hrun í okkar grein sem verður óendurkræft og það má ekki gerast. Þjónustan sem við veitum færast til erlendra fyrirtækja sem starfa utan Íslands og greiða ekki sína skatta og gjöld á Íslandi. Því mun hækkun virðisaukaskatts ekki skila sér eins vel í ríkiskassann og áætlanir gera ráð fyrir.

Virðingarfyllst,

f.h. Teits Jónassonar ehf



Haraldur Teitsson